



## Fundur í fræðslunefnd

**30. fundur fræðslunefndar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn miðvikudaginn 20. september 2017 og hófst kl. 14.**

**Mætt voru:** Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Stefán Benjamínsson, Svala Sævarsdóttir, Kristinn Lárusson, og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

### Dagskrá:

#### 1. Bréf frá kennurum og starfsfólki Leikskólans Barnabóls

Gréta fór yfir stöðuna í leikskólanum hvað varðar ástand húsnæðis.

*Svar við ályktun frá leikskólastjóra og kennurum Barnabóls dagsett 15. ágúst 2017*

Fræðslunefnd tekur undir þá skoðun að ótækt sé að ekki hafi verið haft meira samráð við starfsfólk við svo veigamikla ákvarðanatöku sem staðsetning og nýbygging leikskóla er. Fulltrúar fræðslunefndar hafa ekki séð það mat sem meirihluti sveitarstjórnar Langanesbyggðar vitnar í og hafa ekki fengið neinar upplýsingar eða erindi varðandi málið síðan 2015.

Fræðslunefnd fékk engar upplýsingar um málið fyrr en ákvörðun um staðsetningu birtist í fundargerð sveitarstjórnar 5. apríl 2017.

#### 2. Samstarf við fræðslunefnd vegna nýbyggingar leikskóla

Á árunum 2012-2015 var þáverandi fræðslunefnd þátttakandi í þeirri vinnu sem unnin var við val á staðsetningu og grunnhönnun leikskóla. Var nefndin boðuð á fundi með arkitektum, grenndarkynningu, íbúafundi o.fl.

Fulltrúar fræðslunefndar harma það að upplýsingaflæði hafi stöðvast og samráð/samvinna sé ekkert núna og óskum eftir að samráð verði haft í þeirri hönnunarvinnu sem framundan er. Fræðslunefnd ítrekar ósk sína frá fundi 16. ágúst sl að fá að funda með sveitarstjórn um málið.

Kl. 15 mæta Ásdís, Árni, Harpa og Hjördís

### 3. Grunnskólinn á Þórshöfn

#### a. Skýrsla skólastjóra

Ásdís segir frá starfi skólans og segir nóg að gera í skólanum og mjög góðan starfsanda.

Mentor

Lesferill er í innleiðingu. Eru það próf og verkefni sem fylgja nemendum alla skólagönguna.

Heilmikil endurmenntun starfsmanna sem fylgir því.

Nordplusferð til Danmerkur 23. – 31. október hjá nemendum og 25. – 29. október hjá starfsmönnum.

Samræmd próf næstu tvo daga.

Töluverð veikindi hafa verið á starfsmönnum en hefur verið leyst með afleysingum og íhlaupum en hefur verið þungt.

Tvítyngd börn – Hulda Karen tengiliður, áætlað að fá pólskan talkennara til að taka stöðuna svo hægt sé að styrkja þau frekar í móðurmáli.



## LANGANESBYGGÐ

Skemmtilegur starfsdagur var á Húsavík 8.september ásamt öllum kennurum í Norðurþingi. Tengt Crystal verkefni sem Þekkingarnet Þingeyinga er þátttakandi í.

### **b. Akstursáætlun 2017 – 2018**

Lögð fram til kynningar.

### **c. Starfsáætlun Grunnskólans á Þórshöfn 2017 – 2018**

Lögð fram til kynningar.

### **d. Tónlistarskólinn á Þórshöfn**

Þar sem innlendar auglýsingar skiluðu engum umsóknum var ákveðið að auglýsa á erlendri síðu og bárust 5 umsóknir. Viðtöl eru fyrirhuguð í vikunni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16